



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

4. árg. 11. tölublað. Nóvember 2008.

EFNI:

Farsóttagreining **bls. 1**

Lekandatilfelli á Íslandi jan.–okt. 2008 **bls. 2**

Greiningar á veirufraeðideild LSH á haustmánuðum 2008 **bls. 2**

Ábyrgðarmaður:
Haraldur Briem
sóttvarnalæknir

Ritstjóri:
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is


Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

FARSÓTTAGREINING


Lögum samkvæmt heldur sóttvarnalæknir farsóttaskrá, en hlutverk hennar er að vakta smitsjúkdóma. Með breytingum á sóttvarnalögum árið 2007 er hlutverk sóttvarnalæknis einnig að greina aðsteðjandi heilsufarsógnir af hvaða toga sem er. Þetta hlutverk, sem mætti nefna farsóttagreiningu, snýr að því að greina á frumstigi hugsanlega ógn við heilsufar fólks, staðfesta hana og leggja mat á áhættu sem henni kann að fylgja og liggur til grundvallar viðbrögðum. Farsóttagreining felst í hefðbundinni vöktun á tilkynningaskyldum sjúkdómum en einnig í óhefðbundnum aðferðum, s.s. vöktun á komufjölda og ástæðum fyrir komum á bráðamóttökum og í heilsugæslu, vöktun á orðrómi ásamt vöktun á dánartölum.

Unnið er að því að fylgjast reglubundið með heildarkomutölum á bráðamóttökum Landspítalans. Þær eru bráðamóttaka barna á Barnaspítala Hringins (mynd 1), slysa- og bráðamóttakan í Fossvogi (mynd 2) og bráðamóttakan á Hringbraut (mynd 3). Vöktunartímabilið sem hér er skoðað sérstaklega er frá 9. september 2008 til 10. nóvember sl. og það tímabil er borið saman við árið 2007.


Nokkur aukning var á tímabilinu á komum á bráðmóttöku barna miðað við árið 2007. Engar markverðar breytingar eru enn sem komið er á komum á slysa- og bráðamóttökuna í Fossvogi. Hins vegar má sjá marktæka aukningu á bráðamóttökuna við Hringbraut frá 6.–20. október, en þangað er þeim vísað sem eru með brjóst- og kvíðverki og grun um kransæðasjúkdóm. Líklegt má telja að álag vegna efnahagskreppunnar í samfélaginu valdi þessari aukningu. Unnið er að rannsókn þessa máls af hálfu sérfræðinga á bráðamóttöku Landspítalans.



Mynd 1. Fjöldi koma á bráðamóttöku Barnaspítala Hringins



Mynd 2. Vikulegur komufjöldi á slysa- og bráðamóttöku LSH í Fossvogi



Mynd 3. Vikulegur komufjöldi á

Haraldur Briem

LEKANDATILFELLI Á ÍSLANDI TIL OKTÓBERLOKA 2008

Samtals hafa 18 einstaklingar greinst með lekanda samkvæmt tilkynningum til sóttvarnalæknis á tímabilinu janúar–október 2008, sex konur og tólf karlar. Öll tilfelli eru staðfest með ræktunum. Einstaklingarnir eru á aldrinum 19–51 ára, þrettán þeirra eru með skráða búsetu á höfuðborgarsvæðinu en fimm eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Uppruni smitsins er bæði af innlendum og erlendum toga og bæði samkynhneigðir og gagnkynhneigðir hafa orðið fyrir smiti.

Nokkur fjölgun varð á tilfellum í októbermánuði miðað við fyrri mánuði ársins, en í þeim eina mánuði greindust sex einstaklingar með lekanda. Næmi bakteríanna sem greindust í október fyrir sýklalyfjum er mjög breytilegt, sem bendir til þess að mismunandi bakteríustofnar valdi sýkingunum. Af því má draga þá ályktun að uppspretta smitsins sé ekki sameiginleg heldur mismunandi fyrir hvert tilfelli.



Lekandi orsakast af bakteríunni *N. gonorrhoeae* sem smitast við kynmök þegar slímhúð snertir slímhúð. Bakterían getur því valdið sýkingum í kynfærum en einnig öðrum slímhúðum, s.s. í munni og endaþarmi. Hægt er að bera bakteríuna án einkenna. Í stöku tilfellum getur sýkingin leitt til ófrjósemi og einnig dreift sér víðar í líkamanum. Lekanda er hægt að meðhöndla með sýklalyfjum, en sýklalyfjaónæmi er algengt.

Sóttvarnalæknir hvetur fólk til varúðar og smokkanotkunar við skyndikynni.

Guðrún Sigmundsdóttir

Líklegt má telja
að álag vegna
efnahagskreppunnar
hafi valdið auknum
komufjölda á
bráðamóttöku
LSH við
Hringbraut
6. til 20. október sl.

GREININGAR Á VEIRUFRÆÐIDEILD LSH Á HAUSTMÁNUÐUM 2008

Öndunarfærasýkingar

Í október 2008 greindust adenóveirur í þriðjungi jákvæðra sýna en aðrar veirur sem greindust voru CMV, enteróveirur, herpes simplex, parainflúensa-1 og rhinóveira. Öll sýnin voru frá börnum.

Skömmu eftir mánaðarmótin október-nóvember greindust tvö börn með RSV og því má búast við að hinn árlegi RSV-faraldur hjá ungum börnum hefjist innan tíðar.

Meltingarfærasýkingar

Þrjátíu og einn einstaklingur, bæði börn og fullorðnir, greindist með nóróveirusýkingu (caliciveirusýkingu) í október en einungis einn einstaklingur með adenóveirusýkingu.

Dórolfur Guðnason